



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 13. júní 2008

Ákvörðun nr. 36/2008

## **Samruni Teymis hf. og IP-fjarskipta ehf.**

### **I. Málavextir**

Þann 5. mars 2008 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning um samruna fjarskiptafélaganna IP-fjarskipta ehf. (hér eftir Hive) og Ódýra símafélagsins ehf. (hér eftir SKO). Skilyrtur samningur þar að lútandi var undirritaður 26. febrúar 2008. Hive er að fullu (100%) í eigu Capital Plaza ehf. og SKO er að fullu (100%) í eigu Teymis hf. (hér eftir Teymi). Í samningum kemur fram að Hive kaupir allt hlutfé í SKO af Teymi auk þess sem Teymi skráir sig fyrir aukningarhlutum í Hive sem leiðir til þess að Teymi eignast 51% hlutfjár í Hive. Hive og SKO verða síðan sameinuð í samræmi við ákvæði laga nr. 138/1994, um einkahlutfélög.

Í tilkynningunni kemur fram að markmið samrunans sé að efla þá þjónustu sem aðilar samrunans veita á fjarskiptamarkaði. Með því að auka vöruframboð hvors aðila fyrir sig að því er lýtur að ADSL-þjónustu annars vegar og farsímaþjónustu hins vegar náist hagræði, sem sé notendum þjónustunnar til hagsbóta, enda sé samkeppnisstaða milli aðila á markaði með fjarskiptaþjónustu með þeim hætti að hagræðing og samlegðaráhrif skili sér beint til lækkunar á því verði sem boðið sé. Í því skyni að ná þessu fram gerðu aðilar samning sem miðar að því að sameina rekstur Hive og SKO miðað við 1. janúar 2008. Fram kemur einnig í tilkynningunni að rekstur félaganna hafi verið erfiður og hafi verið [viðvarandi halli í rekstri félaganna beggja allt frá upphafi]<sup>1</sup>. Fyrir liggir, sérstaklega hvað varðar Hive, að fyrirtækið muni hverfa af markaðnum á yfirstandandi ári komi ekki til þess samruna sem að er stefnt.

Í tilkynningunni kemur fram að SKO sé í dag hluti í fyrirtækjahópi Teymis og að eftir samrunann muni Teymi verða móðurfélag hins sameinaða félags. Þá segir að Teymi sé móðurfélag 10 félaga sem almennt sé skipt í tvo hópa þ.e. fjarskiptahluta annars vegar og upplýsingatæknihluta hins vegar. Núverandi félög sem tilheyra fjarskiptahlutanum séu Vodafone, Kall og SKO. Vodafone sé það félag sem stundi viðskipti þar sem telja verði að áhrifa samrunans gæti en Kall sé starfandi félag í Færeyjum. Fullyrt er að félög í upplýsingatæknihlutanum séu ekki starfandi á mörkuðum sem skilgreindir hafi verið fyrir fjarskiptaþjónustu. Hinn

---

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



samrunaaðilinn, Hive, standi sem fyrirtæki eitt og sér og tilheyri ekki fyrirtækjahópi og hluthafi í Hive sé aðeins einn, Capital Plaza ehf. Á árinu 2007 voru félögin Atlassími ehf. og eMax ehf. sameinuð Hive en við þann samruna sem hér um ræðir hafi rekstur eMax verið aðskilinn frá Hive og sé hann því ekki hluti samrunans.

Varðandi markaðsstyrk samrunafélaganna er bent á að rekstur farsíma- og Internetþjónustu SKO verði sameinaður rekstri Hive, sem einkum sé á sviði ADSL tenginga, Internetþjónustu og netsímapjónustu, og þannig myndað öflugt félag sem bjóða muni heildarlausnir í fjarskiptaþjónustu.

Að mati samrunaaðila gætir samkeppnislegra áhrifa samrunans á markaði fyrir fjarskiptaþjónustu og þá sérstaklega á þremur undirmörkuðum þ.e. á mörkuðum fyrir talsíma- farsíma- og ADSL-þjónustu og að landfræðilegi markaðurinn sé landið allt. Muni samruninn hafa áhrif á þjónustumarkaði bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Að mati samrunaaðila mun nokkur samþjöppun fylgja samrunanum og sé því sjálfsagt og eðlilegt að samkeppnisyfírvöld fylgist grannt með þróun markaðarins í kjölfar samrunans. Vakin er athygli á því að óháð eignatengslum hins sameinaða fyrirtækis við Vodafone sé tilkoma nýrra öflugra keppinauta (m.a. Nova) mjög til þess fallin að draga úr einkennum markaðarins, sem í dag sé tvíkeppnismarkaður, auk þess sem þröskuldar inn á markaðinn lækki stöðugt vegna hraðrar tækniþróunar og íhlutunar opinberra aðila. Póst- og fjarskiptastofnun hafi þannig um nokkurt skeið unnið að greiningum á fjarskiptamarkaði og í kjölfar þeirra lagt kvaðir á ráðandi aðila, svo sem kvöð um aðgang að reiki, endursölu og sýndarneti að því er varðar farsíma og kvöð um heimtaugarleigu og bitastraumsaðgang að því er varðar grunnnetið.

Þá segir að aðgangur að markaði skv. framangreindu sé hins vegar háður því að opinberir eftirlitsaðilar hlutist til um að ráðandi aðili á markaði uppfylli þær kvaðir sem á hann hafa verið lagaðar með stjórnvaldsákvörðun. Á árinu 2007 hafi Póst- og fjarskiptastofnun lagt þá kvöð á Símann að veita aðgang að farsímakerfi sínu og hafi þar verið um að ræða aðgang að sýndarneti, endursölu og reiki. Allt að einu hafi Síminn látið hjá líða að birta viðmiðunartilboð um slíkan aðgang. Hive hafi um nokkurt skeið sóst eftir slíkum aðgangi hjá Símanum án árangurs en að mati Hive sé nauðsynlegt að eiga þess kost að bjóða upp á farsímapjónustu eigi fyrirtækið að vera rekstrarhæft á íslenskum fjarskiptamarkaði. Einkenni á umræddum mörkuðum, og sameiginlegt með þeim öllum, sé að einn og sami aðilinn hafi þar afgerandi markaðsráðandi stöðu í skilningi 4. gr. samkeppnislaga. Að mati samrunaaðila séu því engin efni til þess að líta svo á að samþjöppunaráhrif sem samruninn hafi í för með sér, séu í eðli sínu önnur en það ferli sem að óbreyttu muni gerast á markaðnum með því að Hive hætti starfsemi. Einsýnt sé að hætti Hive starfsemi muni það hafa skaðleg áhrif á samkeppni á hinum skilgreindu mörkuðum með því að markaðsráðandi staða eins aðila muni þá óhjákvæmilega styrkjast. Megi af því draga þá ályktun að samruni Hive og SKO muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni á skilgreindum mörkuðum sbr. 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.



Að lokum segir í samrunatilkynningunni að með sameiningu Hive og SKO muni neytendum standa til boða nýr valkostur á fjarskiptamarkaði sem muni byggja upp samkeppnishæfni til að geta boðið viðskiptavinum þeirra lægra verð en samkeppnisaðilarnir. Samkeppnishæfnin muni felist í lægri rekstrarkostnaði og minni fjárfestingum í kerfum. Hvorki Hive né SKO hafi getað veitt Símanum samkeppni sökum takmarkaðs þjónustuframboðs og smæðar sem hafi gert rekstur félaganna afar erfiðan. Með sameiningunni verði til rekstrarhæft félag sem geti boðið heildstæða þjónustu á lægra verði. Neytendur muni verða áþreifanlega varir við nýjan valkost sem muni stuðla að lækkun á fjarskiptakostnaði heimilanna í landinu.

Samkeppniseftirlitið óskaði formlega eftir sundurliðuðum upplýsingum um veltu helstu fjarskiptafélaga á landinu vegna árána 2006 og 2007. Bárust umbeðnar upplýsingar frá lang flestum félaganna, þar með frá öllum þeim stærstu og frá Póst- og fjarskiptastofnun um aðra. Einnig hélt Samkeppniseftirlitið fundi með nokkrum rekstraraðilum þar sem þeim gafst kostur á að tjá sig um samrunann.

## **II. Niðurstöður**

### **1.**

Í máli þessu er til skoðunar samningur um kaup Hive á öllu hlutfé í SKO og síðan kaup Teymis á aukningarhlutum í Hive sem leiðir til þess að Teymi eignist 51% eignarhlut í Hive. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samningurinn feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaður sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða slík staða styrkist.

Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda. Markaðsráðandi stöðu má ráða af ýmsum þáttum, sem ekki geta talist ráða úrslitum einir og sér.

Samkeppniseftirlitið er sammála samrunaaðilum um að markaður málsins sé markaður fyrir fjarskiptaþjónustu og þá sérstaklega undirmarkaðir hans. Að mati Samkeppniseftirlitsins gætir áhrifa samrunans á smásölumarkaði fyrir ADSL tengingar og Internetþjónustu.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að á markaði fyrir fjarskipti á Íslandi ríki fákeppni og allt að því tvíkeppni ef markaðurinn er metinn í heild. Fyrirkomulagið er með þeim hætti að tvær fyrirtækjasamstæður, Skipti hf. (eigandi Símans hf. og Mílu hf.) og Teymi hf. (eigandi Vodafone og SKO) eru þar langfyrirferðamestar



og þá sérstaklega Skipti hf., sem hefur auk þess þá sérstöðu að veita eitt félagi alhliða fjarskiptaþjónustu og vera eigandi grunnfjarskiptakerfis landsins sem öll önnur fjarskiptafyrirtæki þurfa að eiga viðskipti við. Á einstökum undirmörkuðum fjarskipta, og þar með á skilgreindum mörkuðum þessa máls starfa, auk þeirra fyrrnefndu, nokkur lítil fyrirtæki með litla markaðshlutdeild þó mismunandi sé eftir mörkuðum. Í fyrri ákvörðunum íslenskra samkeppnisyfirlitvalda sem varða fjarskiptamarkaðinn hefur Skipti hf. (áður sem Síminn hf., Landssími Íslands hf., Póst- og símamálastofnunin) verið skilgreint með markaðsráðandi stöðu sem og á einstökum undirmörkuðum fjarskiptaþjónustu. Í því samhengi má t.d. nefna að samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að Síminn væri markaðsráðandi á markaði fyrir almenna talsímaþjónustu, Internettingar (ADSL tengingar) og Internetþjónustu í ákvörðun sinni nr. 21/2005 *Erindi Og fjarskipta hf. vegna misnotkunnar Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu við kynningu og markaðssetningu á tilboði fyrirtækisins undir heitinu „Allt saman hjá Símanum“*.<sup>2</sup>

Samkeppniseftirlitið telur að starfsemi Hive hafi aukið samkeppni á fjarskiptamarkaði og að því leyti haft jákvæð áhrif á markaðinn hér á landi. Verður að telja að þessi áhrif hafi komið fram í lækkun verðs og auknu framboði á þjónustu sem hefur komið neytendum til góða. Að óbreyttu hefur samruni þessa máls þau áhrif að Hive hverfur af markaðnum sem sjálfstæður keppinautur. Er það til þess fallið að auka samþjöppun og hafa neikvæð samkeppnisleg áhrif á markaðnum. Verði ekki gripið til ráðstafana vegna samrunans dregur hann úr virkri samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Það er mat samrunaaðila að verði ekki af samruna Hive og Teymis sé ekki rekstrargrundvöllur fyrir Hive og muni starfsemi félagsins leggjast af. Er í því sambandi vísað til rekstrarárangurs félagsins allt frá stofnun þess. Hafa forráðamenn félagsins áréttað þetta sjónarmið og útskýrt nánar á fundum með Samkeppniseftirlitinu. Hafa samrunaaðilar vísað til þess að Samkeppniseftirlitinu beri að taka tillit til þessarar stöðu og líta megi á að aukin samþjöppun á mörkuðum sé ekki bein áhrif samrunans heldur sé ástæðan fremur afleiðing af rekstrarangri Hive og í raun beggja félaganna í gegnum tíðina.

Byggt á gögnum á málsins og framkomnum upplýsingum er það mat Samkeppniseftirlitsins að rekstur Hive hafi verið afar erfiður og líklegt sé að starfsemi félagsins hefði verið hætt hefði ekki komið til samrunans eða til annarra sérstakra ráðstafana. Líklegt er að slík endalok Hive hafi í för með sér neikvæð samkeppnisleg áhrif. Samþjöppun myndi aukast og hætta er á því að öflug staða Skipta myndi styrkjast. Þegar þetta er virt er það ekki raunhæfur kostur í þessu máli að ógilda samruna þessa máls.

Í málinu hafa átt sér stað viðræður milli Samkeppniseftirlitsins og fulltrúa samrunaaðila. Í þeim viðræðum hafa samrunaaðilar kynnt hugmyndir að skilyrðum sem miða að því að tryggja áframhaldandi samkeppnislegt sjálfstæði Hive. Eins og atvikum þessa máls er háttað eru slík skilyrði að mati

<sup>2</sup> Sjá einnig t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2004, *Erindi eMax ehf. vegna ADSL-tilboða Og Fjarskipta hf. og Landssíma Íslands hf.*



Samkeppniseftirlitsins til þess fallin að vinna gegn óheppilegum samkeppnislegum áhrifum samrunans sem skapast við það að sjálfstæður aðili hverfur af markaðnum. Hafa viðræður þessar leitt til sáttar á milli aðila. Sáttin felur í sér að aðilar samrunans hlíti þeim skilyrðum sem fram koma í eftirfarandi ákvörðunarorði.

Eins og fram hefur komið felst m.a. í samruna þessa máls að Hive hefur keypt SKO og verða þessi fjarskiptafélög rekin saman undir markaðsheitinu Tal. Skilyrði þessa máls beinast m.a. að þessu félagi og verður vísað til þess sem Tals í ákvörðunarorði.

Tilgangur þessara skilyrða er að tryggja að full og óskoruð samkeppni muni ríkja milli Tals og Vodafone. Til þess að tryggja viðskiptalegt sjálfstæði Tals er mælt fyrir um fullan rekstrar- og stjórnunarlegan aðskilnað milli Tals og Vodafone. Einnig verður þessum fyrirtækjum bannað að hafa með sér hvers konar samvinnu sem takmarkað getur samkeppni. Jafnframt er Teymi og tengdum félögum bannað að stuðla að eða taka þátt í samvinnu milli Tals og Vodafone sem raskað getur samkeppni. Einnig eiga skilyrðin að tryggja að félögin starfi að öllu leyti sjálfstætt á mörkuðunum og að samruninn raski ekki samkeppni.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Með samningi, dags. 26. febrúar 2008, keyptu IP-fjarskipti ehf. allt hlutafé í Ódýra símafélaginu ehf. Af samningnum leiðir einnig að Teymi hf. eignast 51% hlutafjár í IP-fjarskiptum ehf. Í þessu felst samruni milli Teymis hf. og IP-fjarskipta ehf. (hér á eftir nefnt Tal) í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.**

**Til að stuðla að virkri samkeppni á fjarskiptamarkaðnum fallast félögin á að hlíta eftirfarandi í starfsemi sinni:**

#### 1. gr.

**Teymi skal tryggja að fullur rekstrar- og stjórnunarlegur aðskilnaður verði á milli Tals og Og fjarskipta (Vodafone), dótturfélags Teymis. Skal Tal rekið sem sérstök lögpersóna.**

**Stjórnarmenn Vodafone og starfsmenn skulu ekki sitja í stjórn eða varastjórn Tals og öfugt. Hið sama gildir um þá sem eru makar umræddra stjórnarmanna, starfsmanna og eigenda, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.**

**Samstarf Tals og Vodafone skal heimilt varðandi fjarskipti og fjarskiptakerfi, sbr. þó ákvæði 2. og 3. gr. Skulu þessi viðskipti vera eins og viðskipti milli óskyldra aðila. Í því felst m.a. að öll viðskipti milli Vodafone og Tals skulu verðlögð á markaðsverði.**



## 2. gr.

Tal og Vodafone er óheimilt að hafa með sér hverskonar samvinnu eða grípa til samstilltra aðgerða um viðskipta- og samkeppnismál. Í þessu felst m.a. bann við samvinnu eða samstilltum aðgerðum sem lúta að eftirfarandi atriðum:

- a. Verði og verðstefnu
- b. Viðskiptakjörum
- c. Eðli þjónustu og þjónustuframboði
- d. Markaðsmálum, viðskiptastefnu og viðskiptaáætlunum
- e. Viðskiptavinum og sölusvæðum

## 3. gr.

Vodafone og Tali er óheimilt að veita hvort öðru upplýsingar um viðskiptavini félaganna, þ.m.t. viðskipti og/eða viðskiptakjör einstakra viðskiptavina. Einnig er óheimilt að veita upplýsingar milli Vodafone og Tal um upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 2. gr. þessa ákvörðunarorðs.

Skulu lykilstarfsmenn félaganna undirrita sérstaka yfirlýsingu um þangarskyldu og trúnað. Skulu afrit þessara yfirlýsinga send Samkeppniseftirlitinu innan 30 daga frá birtingu þessarar ákvörðunar.

## 4. gr.

Teymi, og félögum undir yfirráðum Teymis, er óheimilt að stuðla að eða taka þátt í samvinnu milli Tals og Vodafone sem fer gegn 2. gr. Þessum félögum er einnig óheimilt að miðla upplýsingum sem falla undir 3. gr. milli Tals og Vodafone

## 5. gr.

Teymi skal kynna ákvörðun þessa og hvað í henni felst fyrir starfsmönnum Vodafone og Tals, auk stjórnarmanna félaganna innan 30 daga frá birtingu hennar. Þá skulu félögin upplýsa Samkeppniseftirlitið um framkvæmd ákvörðunarinnar innan tveggja mánaða frá birtingu hennar.

## 6. gr.

Brot á skilyrðum sem sett eru í ákvörðun þessari varða stjórnvaldssekt og/eða refsingu skv. viðurlagakafla samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson